

GLAÐVÆRÐ

BROSLAGIÐ

Það er ókeypis að b-r-o-s-a

það er ókeypis að b-r-o-s-a,

það er ókeypis að b-r-o-s-a

Að b-r-o-s-a BROSA

ÉG HLAKKA SVO TIL

Ég hlakka svo til þegar hættir að snjóá.

Ég hlakka svo til þegar veturinn dvín.

Ég hlakka svo til þegar hér fer að gróa.

Ég hlakka svo til þegar vorsólin skín.

Ég hlakka svo til þess að hlusta á hann spóa.

Ég hlakka að kyssa þig sóleyjan mín.

Ég hlakka svo til þess að hleyp' onum Glóa.

Ég hlakka svo til þess að koma til þín.

LÓAN

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
að kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefur sagt mér að vakna og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

TILFINNINGABLÚS

Ég fi nn það niður í maga óó, óó.
Ég fi nn það niður í hendur óó, óó.
Ég fi nn það niður í fætur óó, óó.
Ég fi nn það upp í höfuð óó, óó.
Ég fi nn það hér og hér og hér ...
hvað ég er glöð, hér inn í mér.
Ég fi nn það niður í maga óó, óó,
ég fi nn það fram í hendur óó, óó,
ég fi nn það niður í fætur óó, óó,
ég fi nn það upp í höfuð óó, óó.
ég fi nn það hér og hér og hér ...
hvað ég er reið, hér inn í mér.

NÚ ER SUMAR

Nú er sumar,

gleðjist gumar,

gaman er í dag.

Brosir veröld víða,

veðurlagsins blíða.

:: Eykur yndishag.::

Látum spretta,

spori léttu,

spræka fáka nú.

Eftir sitji engi,

örvar víf og drengi.

:: Sumarskemmtun sú.::

Fjalls und fæti,

sumarsæti.

Sveipar blómgun hrein.

Vænst er birki' og víðir,

vel er þeim, sem prýðir.

:: Hatt sinn grænni grein.::

SÓLARGEISLINN

Þú sólargeisli sem gægist inn

og glaður skín inn um gluggann minn.

Mig langar svo til að líkjast þér

og ljósi varpa á hvern sem er.

Veðrahöllin,

vellir, fjöllin,

vötn og fuglar smá.

Benda blítt og kalla,

burt með frestun alla.

∴Lagsmenn, leggið á.∴

Sveinar prúðir,

sætar brúðir.

Saman undir hlíð

Hýrt með glösum hringja,

hlæja, dansa, syngja.

∴Signa sumartíð.∴

VÉR GÖNGUM

Vér göngum svo léttir í lundu,

því lífsgleðin blasir oss við.

Vér lifum á líðandi stundu,

við lokkandi söngvanna klið.

Tra la la la ...

Vér göngum og syngjum hér saman,

því söngurinn hann er vort mál.

Og nú verður glaumur og gaman,

nú gleðjist hver einasta sál.

Tra la la la ...